

Fimmtudaginn 26. febrúar 1998.

Nr. 9/1998.

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir saksóknari)
gegn

Heiðari Þór Guðmundssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Líkamsárás. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu ríkissaksóknara 2. janúar 1998 að ósk ákærða til endurskoðunar á heimfærslu brots til refsíákvæðis og ákvörðun refsingar. Krefst ákærvaldið staðfestingar héraðsdóms, að því er varðar heimfærslu til refsíákvæðis, en þyngingar á refsingu ákærða. Ákærði krefst þess, að brot sitt verði fellt undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, sér verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfi, og reynslulausn verði látin haldast óbreytt.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal vottorð yfirlæknis geðdeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur frá 12. febrúar 1998 um ástand Jósefs Gunnars Ingólfssonar. Segir þar, að lömun í hægri ganglim hafi gengið verulega til baka, svo að hann geti gengið óstuddur. Hins vegar sé hægri hönd og handleggur honum gagnslaus sökum lömunar, og jafnframt séu kyngingarerfiðleikar vegna lömunar í kyngingarvöðvum. Hann beri enn veruleg merki um heilaskaða, þannig, að hann sé dómgreindarlítill, ósamvinnuþýður, krefjandi og geti verið ofbeldishneigður. Telur lækinn ólíklegt, að Jósef verði sjálfbjarga með athafnir daglegs lífs, þótt einhver bót kunni að verða á andlegu og líkamlegu ástandi.

Í ákæru málsins var ákærða gefið að sök að hafa slegið Jósef Gunnar Ingólfsson hnefahögg í andlit við karlasalerni tiltekens veitingahúss og síðan hrint honum aftur á bak með báðum höndum, svo að Jósef hafi fallið inn á salernið í gólfið og skolið með hnakka á flísalagðan stökk í gólfinu, allt með þeim afleiðingum, sem nánar er lýst í ákæru og héraðsdómi. Þegar litið er til læknisvottorða og

dómsframburðar Bjarna Hannessonar lækni, verður því ekki neitað, að hinir alvarlegu áverkar, sem lýst er, hafi einkum stafað af falli Jósefs á salerninu.

Héraðsdómur taldi sannað, að ákærði hefði slegið Jósef hnefahögg í andlit. Hins vegar var talið ósannað gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hefði hrint manninum aftur á bak, eins og lýst var í ákæru, og var hann sýknaður af þeim þætti hennar. Dómurinn taldi aftur á móti sannað, að Jósef hefði fallið aftur fyrir sig í beinu framhaldi af hnefahögginu. Engu að síður kom fram það álit dómsins, að ekki væri loku fyrir það skotið, að Jósef hefði runnið á salernisgólfinu vegna ölvunar og/eða bleytu á gólfinu og fallið, er hann hörfaði undan höggi ákærða. Kemur fram í ályktun dómsins, að fallið verði „að mestu leyti“ rakið til háttsemi ákærða, þótt aðrir þættir komi þar einnig við sögu. Hér ber að hafa í huga, að ákærði veitti Jósef höggið fyrir framan dyr salernisins, en hann féll á gólfinu þar inni.

Eins og mati héraðsdóms á atvikum er háttað, verður að telja verulegan vafa leika á um það, hvort fall Jósefs verði beinlínis rakið til höggs ákærða eða hvort það hafi fremur orðið af ölvun Jósefs og bleytuhálku á salernisgólfi. Verður ákærði að njóta þessa vafa, og með hliðsjón af 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður ekki talin fram komin næg sönnun til þess, að hinir alvarlegu áverkar verði virtir honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Atferli hans verður hins vegar felld undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, rauf ákærði skilorð reynslulausnar á eftirstöðvum refsingar, 290 dögum, og breytir ofangreind niðurstaða því ekki, að hún verður tekin upp og dæmd með í máli þessu, sbr. 1. mgr. 42. gr. og 60. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af því og öðrum þeim atriðum, sem héraðsdómur tók tillit til við ákvörðun refsingar, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjórtán mánuði. Skal gæsluvarðhald hans frá 5. september 1997 koma til frádráttar refsivistinni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms verður staðfest. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og nánar er greint í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti fangelsi í 14 mánuði. Frá refsivistinni skal draga gæsluvarðhald ákærða frá 5. september 1997.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1997.

Ár 1997, föstudag 5. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af héraðsdómurinum Guðjóni St. Marteinssyni sem dómsformanni, Hirti O. Aðalsteinssyni og Sigríði Ingvarsdóttur, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-666/1997: Ákærvaldið gegn Heiðari Þór Guðmundssyni, en málið var dómtekið 14. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 25. september 1997, á hendur „Heiðari Þór Guðmundssyni, kennitala 130758-6499, óstaðsettum í hús í Reykjavík, fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa um klukkan 23.00 að kvöldi þriðjudags 2. september 1997 við karlasalerni á veitingastaðnum Ölkjallaranum í Pósthússtræti 17 í Reykjavík slegið Jósef Gunnar Ingólfs-son, kennitala 191247-4939, hnefahögg í andlit og síðan hrint honum aftur á bak með báðum höndum, svo að Jósef Gunnar féll inn á salernið í gólfið og skall með hnakkann á flísalagðan stokk, sem þar er á gólfi, allt með þeim afleiðingum, að Jósef Gunnar hlaut skurð á hægri augabrún, svöðusár vinstra megin á hnacka og geysimikla blæðingu undir heilabasti yfir öllu hægri heilahveli. Var blæðingin tæmd út í bráðaaðgerð á Sjúkrahúsi Reykjavíkur þá um nóttina, en afleiðingar þessa eru, að Jósef Gunnar er mjög ruglaður og gerir sér ekki grein fyrir umhverfi sínu eða tíma, er minnislítill og mun þurfa langa endurhæfingu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að háttsemi ákærða verði talin varða við 217. gr. sömu laga. Þess er krafist, að reynslulausn ákærða haldist óbreytt og að gæsluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsivist, ef dæmd verður. Loks er krafist réttargæslu- og málsvarnarlauna úr ríkissjóði að mati réttarins.

Samkvæmt lögregluskýrslu frá 2. september sl. var óskað eftir aðstoð lög-

reglu í Ölkjallarann í Pósthússtræti 17 hér í borg laust upp úr kl. 23.00 það kvöld vegna áfloga, er þar höfðu orðið, eins og segir í skýrslunni. Er lög-reglan kom á staðinn, var komin þar sjúkrabifreið, og sat Jósef Gunnar Ingólfs-son þá á stól í anddyri veitingastaðarins og hjá honum dyravörður, sem hélt handklæði við hnakka hans. Segir í skýrslunni, að Jósef hafi verið mjög bólginn á hægri kinnbeini og með skurð á hnakka, sem mikið blæddi úr. Í skýrslunni segir, að Jósef hafi sifellt talað um það, hvers vegna Heiðar hefði ráðist á sig.

Samkvæmt frásögn Karls Hilmars Jóhannusonar dyravarðar lentu ákærði og Jósef Gunnar í átökum inni á salerni veitingastaðarins. Ekki kvaðst hann vita upphaf átakanna, en ákærði hefði horfið á braut skömmu síðar. Þá segir í skýrslunni, að nokkrir gestir staðarins, sem allir hafi vírst mjög ölvaðir, hafi greint frá því, að ákærði hefði ráðist á Jósef inni á salerninu og hann fallið aftur fyrir sig og með hnakkann á stall niðri við gólf. Jósef Gunnar var fluttur á slysadeild til aðhlynningar.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa slegið Jósef Gunnar Ingólfs-son eitt hnefahögg í andlit, en neitar að hafa hrint honum með báðum höndum, svo að Jósef Gunnar hefði fallið aftur á bak með þeim afleiðingum, sem lýst er í ákæru.

Aðdragandann kvað ákærði þann, að ákærði hefði gefið sig á tal við Jósef Gunnar inni á veitingastaðnum og spurt um ástæðu þess, að Jósef Gunnar hefði verið með hníf á sér á veitingastaðnum kvöldið áður. Þá kvaðst ákærði hafa frétt, að Jósef Gunnar hefði borið hnífinn að hálsi manns og skorið. Ákærði kvaðst hafa ætlað að veita Jósef Gunnari tiltal vegna þessa og því spurt hann út í þetta. Þeir hefðu gengið afsíðis og að gangi, er liggur að salernum, enda ekki hægt að ræðast við annars staðar sökum hávaða að sögn ákærða. Er komið var að salernum veitingastaðarins, hefðu þeir Jósef Gunnar tekið að rifast og þau samskipti endað með því, að Jósef Gunnar hefði farið að „brúka munn“ og ákærði þá slegið hann, er þeir voru staddir fyrir framan dyr á karlasalerni. Jósef Gunnar hefði hörfað undan og inn á salernið og fallið þar, sennilega vegna bleytu og drullu á gólfinu, en Jósef Gunnar hefði verið mjög ölvaður. Ákærði kvaðst ekki vita, hvort Jósef féll sökum ölvunar eða vegna mikillar bleytu á gólfinu, en kvaðst hafa reynt að grípa í hann til að varna falli, en ekki tekist og Jósef fallið í gólfið. Ákærði kvað höggið ekki hafa verið fast, er hann veitti Jósef, en kvaðst hafa verið með hanska og telja, að Jósef hefði ekki átt að slasast við höggið. Kvaðst hann ekki hafa viljað slá Jósef fast, þar sem hann hefði verið með áverka fyrir og ekki þolað öllu meira að sögn ákærða. Eftir þetta hefði ákærði

gengið fram ganginn og þá hitt Guðjón Stefánsson og beðið hann að athuga líðan Jósefs og láta dyravörð vita. Kvað ákærði sér ekki hafa litist á blikuna og verið hálf-„sjokkeraður“ yfir því, hvernig Jósef lenti með hnakkann á stökk niðri við gólf. Ákærði kvaðst þá hafa gengið út og hitt þar Guðjón Stefánsson og spurt, hvort allt væri í lagi með Jósef. Hefði Guðjón sagt sér að hafa engar áhyggjur, því að allt væri í lagi með hann. Stuttu síðar kvaðst ákærði hafa haldið á brott með félaga sínum.

Vitnið Guðjón Stefánsson kom fyrir dóminn og lýsti því, er hann var staddur í Ölkjallaranum að kvöldi 2. september sl. Hann kvaðst hafa verið nýkominn inn á veitingastaðinn, er hann sá til ákærða og Jósefs Gunnars, þar sem þeir voru staddir á gangi, sem liggur að salernum staðarins. Er þeir Jósef Gunnar hefðu verið staddir fyrir framan dyr á karlasalerni, hefði ákærði slegið Jósef Gunnar eitt hnefahögg í andlit með krepptum hnefa, að því er Guðjóni sýndist. Eftir hnefahöggið hefði ákærði ýtt með báðum höndum á herðar eða brjóstkaða Jósefs, sem hefði við þetta hrasað og fallið aftur á bak. Kvaðst Guðjón ekki telja, að hrindingin hefði verið harkaleg, ekki vita til þess, að Jósef Gunnar hefði fallið við það að renna á gólfinu. Ekki kvað Guðjón sér hafa sýnst, að ákærði hefði verið að reyna að bjarga Jósef frá falli. Guðjón var þá spurður að því, hvort óhugsandi hefði verið, að ákærði hefði verið að reyna að bjarga Jósef frá falli. Svaraði Guðjón því svo, að sér hefði fundist atburðir vera eins og lýst var. Hann kvaðst hafa séð, er Jósef Gunnar féll inn á salernið, en ekki meira. Eftir þetta hefði ákærði farið út af staðnum, en áður kvaðst Guðjón hafa spurt, hvað ákærði hefði verið að gera, en ákærði sussað á sig og engu svarað. Guðjón kvaðst þessu næst hafa haldið áfram inn á veitingastaðinn og rætt við Karl dyravörð og hringt á lögreglu að ósk hans. Guðjón kvaðst ekkert vita um aðdraganda atburðarins.

Vitnið Karl Eyjólfur Karlsson lögreglumaður bar fyrir dóminum að hafa farið í útkall í Ölkjallarann þetta kvöld. Er þangað kom, hefði Jósef Gunnar setið í stól í anddyrinu og dyravörður haldið handklæði um höfuð honum, en talsvert hefði blætt úr hnakka. Hann kvað Jósef hafa grúft sig niður og spurt sjálfan sig að því, hvers vegna Heiðar hefði gert sér þetta. Karl kvaðst hafa rætt við dyravörðinn, sem hefði greint frá því, að ákærði og Jósef hefðu lent í átökum. Jósef hefði fallið aftur fyrir sig á karlasalerninu og með höfuðið á flísalagðan stökk niðri við gólf. Karl kvað ónafngreint fólk á staðnum hafa skýrt frá því, að ákærði hefði verið valdur að áverkum Jósefs. Karl kvaðst ekki muna, hvort bleyta hefði verið á salernisgólfinu, og ekki vita um aðdraganda atburðarins.

Vitnið Baldur Gautur Baldursson lögreglumaður kom fyrir dóminn og

lýsti komu sinni á staðinn þetta kvöld. Er lögregla kom á vettvang, hefði Jósef Gunnar setið á stól í anddyrinu og muldrað eitthvað, en ekkert getað talað. Baldur kvað sér síðar hafa verið greint frá því, að Jósef hefði verið hrint og hann fallið við og hlotið áverka. Ekki vissi Baldur, hver það var, sem greindi honum frá þessu. Þá bar hann, að karl og kona, sem hefðu verið mjög æst í skapi, hefðu greint sér frá því, að Heiðar eða Hreiðar hefði valdið áverkum Jósefs Gunnars.

Karl Hilmar Jóhannuson dyravörður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið að störfum í Ölkjallaranum þetta kvöld. Hann kvað Guðjón Stefánsson hafa komið að máli við sig og greint sér frá því, að ákærði hefði lamið mann, sem lægi í blóði sínu inni á karlasalerni. Ekki hefði Guðjón lýst atburðum frekar. Karl kvaðst þegar hafa haldið inn á salernið og hlúð að Jósef og fært hann fram í stól. Hann kvaðst hafa rætt við Jósef, en hann ekkert munað. Hann kvaðst hafa veitt ákærða og Jósef athygli inni á staðnum fyrir um kvöldið. Hefði ákærði verið ölvaður, en Karl kvaðst ekki treysta sér til að lýsa nánar ölvunarástandi hans. Jósef Gunnar hefði verið mikið ölvaður, reikull í spori og sofnað inni á veitingastaðnum um kvöldið. Karl kvaðst ekki hafa séð, hvort salernisgólfið hefði verið blautt, en gólfið sé mjög hált, þótt þurrt sé.

Vitnið Örn Karlsson, einn starfsmanna Ölkjallarans, kom fyrir dóminn. Hann var ekki á staðnum, er atburðurinn varð. Örn lýsti svo aðstæðum á karlasalerni, að vaskur þar hefði lekið og því oft verið bleyta á gólfi og gólf-flísar þá mjög hálar. Kvaðst hann telja líklegt, að þannig hefðu aðstæður verið á salerninu, er atburður sá varð, sem lýst er í ákæru.

Vitnið Jón Stefánsson lýsti því fyrir dómnum, að hann hefði mætt ákærða og manni, sem hann kvaðst ekki þekkja, er hann kom inn í Ölkjallaranum þetta kvöld. Mennirnir hefðu gengið inn ganginn að salernum, og nokkrum andartökum síðar kvaðst Jón hafa heyrt dynk. Hann hefði þá snúið við og séð mann liggjandi á gólfinu með fætur út af karlasalerninu. Jón kvaðst hafa séð ákærða fara út af staðnum. Hann hefði látið Karl dyravörð vita af þessu.

Auk ofangreindra vitna komu þessi vitni fyrir dóminn, en ekki þykir ástæða til að rekja framburð þeirra hér: Joseph Gunnar Adessa, Halldór Halldórsson og Bjarni Halldórsson.

Niðurstöður.

Svo sem rakið var að framan, var Jósef Gunnar Ingólfsson fluttur á slysadeild eftir atburðinn. Áverkavottorð hans, sem dags. er 4. september sl., hljóðar svo: „Jósef Gunnar Ingólfsson, kt. 191247-4939, var fluttur á

slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur 2. 9. 1997 kl. 23.40. Sjúklingur kom í fylgd lögreglu. Við skoðun var hann alblóðugur, og í ljós kom, að hann var með svöðusár vinstra megin í hnakka og auk þess á hægri augabrún. Lífsmörk voru eðlileg, blóðþrýstingur 105/60, púls 73/mín. Sjúklingur virtist vera mjög ölvaður, og var erfitt að gera sér grein fyrir ástandi hans nánar.

Byrjað var á því að sauma saman sárið í hnakka og síðan sárið á hægri augabrún. Stuttu eftir að Jósef hafði verið saumaður, fór hann að verða sljór, og við skoðun kom í ljós, að hægri ljósop var farið að víkka og blæðing hafði aukist í kringum hægri auga. Sjúklingur fór þegar í tölvusneiðmynd af höfði, sem sýndi, að hann var með geysilega mikla blæðingu yfir öllu heilahveli hægri megin, og var sú blæðing undir heilahimnum. Sjúklingur var síðan fluttur upp á skurðstofu, þar sem gerð var aðgerð og höfuðkúpan hægri megin opnuð og blæðingin tæmd út. Eftir aðgerðina hafði hægri ljósop dregist saman og voru eðlilegar (sic), og sjúklingur hefur síðan verið á gjörgæsludeild. Hann er enn í öndunarvél, en farinn að svara áreiti. Hann er þó enn með greinilega minnkaðan mátt í hægri hlið líkamans, en mun hafa haft brottfallseinkenni frá heila vegna fyrri áverka, sem hann fékk fyrir nokkrum árum. Endurtekin tölvusneiðmynd af höfði 3. 9. 1997 sýndi, að blæðingin hafði verið tæmd út og tilfærsla á heila hafði minnkað mikið.

Áverkar sjúklings voru því:

1) acut subdural hematoma dexter (blæðing undir heilabasti yfir hægri heilahveli),

2) skurður á hnakka og yfir hægri augabrún.

Þegar þetta er ritað kl. 15.00 4. 9. 1997, er sjúklingur enn í öndunarvél og ekki hægt að segja um batahorfur að svo stöddu.“

Annað áverkavottorð er dags. 11. september sl., og segir þar svo: „Eins og fram hefur komið í fyrra vottorði, skrifuðu 4. 9. 1997, var Jósef Gunnar Ingólfsson, kt. 191247-4939, fluttur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur 2. 9. 1997 kl. 23.40. Leiddu rannsóknir í ljós, að sjúklingur var með blæðingu undir heilabasti yfir hægri heilahveli og þurfti því að fara í bráðaaðgerð á höfði, og var blæðing tæmd út. Sjúklingur var síðan í öndunarvél til 5. 9., að hann fór að anda af sjálfsdáðum, og hefur ástand hans síðan farið dagbatnandi. Hann útskrifaðist af gjörgæsludeild á almenna legudeild 7. 9. 1997 og er nú kominn til meðvitundar. Hann tjáir sig, lömun hefur gengið til baka, en sjúklingur er mjög ruglaður og gerir sér ekki grein fyrir umhverfi sínu eða tíma og er minnislítill. Um frekari batahorfur er erfitt að segja, en sjúklingur mun þurfa langa endurhæfingu.“

Vitnið Bjarni Hannesson, læknir á heila- og taugaskurðeild, sem ritaði bæði vottorðin, kom fyrir dóminn og lýsti því, að of snemmt væri að segja

til um batahorfur Jósefs Gunnars. Bjarni lýsti áverkum Jósefs Gunnars fyrir dóminum efnislega á sama veg og í áverkavottorðunum. Hann kvaðst álíta, að Jósef Gunnar gæti ekki vitnað um atburði, sem í ákæru greinir.

Lögreglumenn höfðu tal af Jósef Gunnari á sjúkrahúsi 19. september sl. Samkvæmt skýrslu þeirra var augljóst, að hann getur ekki greint frá málsatvikum.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er vitnisburði Guðjóns Stefánssonar, að ákærði hafi slegið Jósef Gunnar hnefahögg í andlit, er þeir voru staddir fyrir framan karlasalerni í Ölkjallaranum 2. september sl. Ákærði neitar að hafa hrint Jósef Gunnari aftur á bak með báðum höndum, eins og ákært er út af, en kvaðst hins vegar hafa reynt að grípa í Jósef Gunnar, er hann féll aftur fyrir sig.

Af framburði ákærða og vitnisburði Guðjóns Stefánssonar má ráða, að Jósef Gunnar féll aftur á bak eða hörfaði aftur á bak eftir hnefahöggið. Fyrir dómi greindi vitnið Guðjón Stefánsson m. a. frá því, að sér hefði ekki sýnst ákærði vera að bjarga Jósef Gunnari, en fundist hann hrinda honum. Eins og vitnisburði Guðjóns Stefánssonar er háttað um þetta, telur dómurinn ósannað gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi hrint Jósef Gunnari aftur á bak, eins og ákært er út af, og ber því að sýkna ákærða af þeim þætti ákæru.

Framburður ákærða hefur verið nokkuð á reiki um það, hvers vegna Jósef Gunnar féll á salernisgólfið. Ákærði greindi svo frá hjá lögreglu, að hann hefði hörfað eftir hnefahöggið og ákærði ekki séð hann falla. Þá hefur ákærði borið, að Jósef Gunnar hafi verið mjög ölvaður og dottið sökum þess og sökum bleytu á salernisgólfi. Á einum stað greindi ákærði svo frá, að Jósef Gunnar hefði ranglað inn á salernið og dottið. Ráða má af framburði ákærða og af vitnisburði og einnig af læknisvottorði Jósefs Gunnars, að hann hafi verið mjög ölvaður þetta kvöld.

Ekki verður ráðið af gögnum málsins, hvernig ástand salernisgólfsins var, er atburðir þessir urðu, en vitnið Örn Karlsson greindi frá því, að salernisgólfið hefði iðulega verið blautt og mjög hált, og taldi það eiga við um þann tíma, sem lýst er í ákæru.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ekki loku fyrir það skotið, að Jósef Gunnar hafi runnið á salernisgólfinu vegna ölvunar og/eða bleytu og fallið, er hann hörfaði undan hnefahöggi ákærða. Dómurinn telur sannað með framburði ákærða og vitnisburði Guðjóns Stefánssonar, að Jósef Gunnar hafi fallið aftur fyrir sig í beinu framhaldi af hnefahögginu. Verður fallið samkvæmt því að mati dómsins að mestu leyti rakið til háttsemi ákærða, þótt aðrir þættir komi þar einnig við sögu, svo sem rakið var.

Samkvæmt því, sem rakið var að framan, urðu afleiðingar fallsins þær, sem í ákæru greinir. Afleiðingarnar eru svo alvarlegar, að heimfæra ber brot ákærða undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, eins og í ákæru greinir.

Ákærði hefur frá árinu 1978 hlotið ellefu refsிடóma fyrir umferðarlaga-brot og áfengislagabrot, fíkniefnabrot, þjófnað, nytjastuld og skjalafals. Ákærði hlaut 5. júlí sl. reynslulausn á eftirstöðvum 290 daga refsivistar. Með broti sínu nú hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnarinnar, og ber nú að taka hana upp og dæma með máli þessu, sbr. 1. mgr. 42. gr. og 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða er jafnframt ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. s. 1.

Afleiðingar háttsemi ákærða urðu meiri og alvarlegri en búast hefði mátt við.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvö ár.

Gæsluvarðhald ákærða frá 5. september sl. komi til frádráttar refsivist, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Elín Vigdís Hallvarðsdóttir yfirlögfræðingur flutti málið af hálfu ákæruvalds. Einnig greiði ákærði 300.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun Helga Sigurðssonar héraðsdómslögmanns.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti fangelsi í tvö ár, en frá refsivistinni skal draga gæsluvarðhald ákærða frá 5. september sl. til dagsins í dag að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, og 300.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun Helga Sigurðssonar héraðsdómslögmanns.